

Góðan dag,

Ágúst Kristmanns heiti ég og er faðir Inga Kristmanns sem er 11 ára dengur sem greindur var með væga þroskahömlun og hreyfiproskaröskun þegar hann var 3 ára. Það hefur heldur betur margt breyst og gengið á síðan þá og mun ég reyna hér að miðla okkar reynslu og kynnum af menntastefnunni “skóli án aðgreiningar”.

Leikskólaganga Inga gekk vel en þegar leið að því að hann átti að fara að byrja í skóla stóðum við frammi fyrir tveimur valkostum, annaðhvort færi hann í sérskóla eða heimaskóla. Við fjölskyldan veltum þessu vel og lengi fyrir okkur og komumst að lokum að þeirri niðurstöðu að hann færi í sinn heimaskóla, einkum vegna þess að við vildum að hann myndi kynnast nærumhverfi sínu og að krakkarnir í hverfinu myndu kynnast honum. Fyrstu þrjú bekkirnir gengu mjög vel þrátt fyrir að hann væri aðeins eftirá námslega en hann fylgdi samnemendum sínum í öllum fögum með sína einstaklingsnámskrá. Þegar var komið í 4. bekk sáum við og þeir aðilar sem þjónusta hann að hann væri að komast á endastöð í almenna skólakerfinu og í kjölfarið var tekin sú sameiginlega ákvörðun að hann myndi skipta og hefja nám í sérskóla í 5. bekk. Þegar við hófum að vinna í því ferli komumst við að því að það væri búið að breyta inntökuskilyrðum skólans og að samkvæmt þeim stæðist Ingi ekki þau viðmið samkvæmt greiningunni frá greiningarstöðinni sem hann hafði en hún var þá nokkra ára gömul og gaf enganveginn rétta mynd af stöðu hans á þeim tíma. Okkur brá mikið við að heyra þetta og frá þeim tíma er við fengum þær fregnir hófst barátta sem við stöndum ennþá í dag.

Strax eftir nokkrar vikur í 5 bekk byrjuðum við að taka eftir því að Ingi var orðin mun daprari en hann var vanur og þegar á leið fór félagslegi þátturinn að versna sem jókst svo enn frekar í 6. bekk. Á þeim tímamarki var þorskamunurinn orðinn svo mikill, að hann átti enga samleið með sínum bekkjafélögum og einangraðist algjörlega. Þetta ár er búið að vera eitt það erfiðasta sem við höfum gengið í gegnum síðan við eignuðumst Inga en lengi vel virtist að alla dyr sem við komum að virtust lokaðar.

Eins og staðan er í dag eigum við ekkert val um skóla fyrir hann þar sem hann uppfyllir ekki inntökuskilyrði Klettaskóla. Honum ber einfaldlega að ganga í sinn heimaskóla, alveg óháð því hvort það sé honum fyrir bestu eða ekki.

Ef við ættum að skjóta á hvar hann er staddur námslega og félagslega þá myndum við skjóta á að hann sé staddur í 2. bekk. Sjáið þið fyrir ykkur nemenda í 2. bekk og nemenda í 6. bekk eiga góða samleið??? Kópavogsbær og skólinn hafa séð um son okkar eftir bestu getu miðað við aðstæður. En hvernig á skólinn að geta tekið á félagslegri stöðu hans?? Hann fær alltaf að vera með en hann dregur sig úr vegna þess að hann finnur til vanmáttar og sér að hann getur þetta ekki.

Börnum eins og Inga ber að hafa val en hafa það einfaldlega ekki eins og staðan er í dag og lítum við svo á að það sé réttur drengsins að ganga í venjulega skóla en ekki skylda. **Höfum við því upplifað það að menntastefnan “skóli án aðgreiningar” hefur snúist upp í andhverfu sína í okkar tilfalli.** Núverandi úrræði henta honum einfaldlega ekki og fyrir vikið er hann að verða af lögbundnum rétti sínum til viðeigandi úrræða og menntunnar. Hann er ca 20% með bekknum og þá aðalega í verklegum greinum. Að þessum sökum lítum við svo á að Ingi sé ekki í skóla án aðgreininga, heldur SKÓLA AÐGREININGAR.

Skóli aðgreiningar er þegar sonur minn eru neyddur í sinn heimaskóla og er aðgreindur frá ófötluðum börnum, hann tekinn úr bekk til að fara til sérkennara EINN, er tekinn úr bekk til að fara í námsver eða er alltaf með starfsmann sér við hlið þegar hann fær að vera með inni í bekk eða þegar það eru frímínútur og hann getur ekki tekið þátt í fótbolta, klifurgrind eða eltingarleik í frímínútum, eða þegar allir aðrir eru að fara að gera eitthvað allt annað eftir skóla þannig að hann þarf að labba einn heim og leika við mun yngri systur eða fara í sund með afa sínum af því að hann fær ekki að fara í sund í skólanum.

Ég hef td þurft að fara inní sundrútuna og bera hann út úr henni grátandi með ekka af því að hann vildi fá að fara með bekkjabræðrum sínum í sund. Þann dag grét ég líka mikið af sorg.

Það verður að hafa hagsmuni barnsins að leiðarljósi öllum stundum en ekki einblína eingöngu á að þessi stefna EIGI bara að ganga upp, því ekkert tilfalli er eins og þó að hugsunin á bakvið stefnuna sé góð og gild má ekki myndast tómarúm eins og gerðist hjá

okkur sem snýr henni upp í andstöðu sína. Stoðkerfið fyrir slíka menntastefnu verður líka að vera í stakk búið að geta fylgt henni eftir og staðið undir þeirri þjónustu og þeim úrræðum sem koma fram í henni. Einnig finnst mér athyglisvert í þessari umræðu hve lítið hefur í raun borið á því hvað nemendum, foreldrum og kennurum finnst um þessa stefnu þ.e hvernig framganga hennar er í raun og veru að heppnast í verki og framkvæmt en ekki bara á blaði eða sem hugmyndafræði.

Í október 2011 gerðum við okkur ljóst að við gætum ekki sætt okkur við það að Ingi gæti ekki verið í skóla með jafningjum og sóttum um í Klettaskóla, meðvituð um að samkvæmt nýjum inntökureglum og með gamla greiningu frá Greiningarstöð, fengjum við væntanlega neitun.

Við fórum þá í að fá umsagnir allra þeirra aðila sem hafa þjónustað Inga. Það voru umsagnir frá læknum, umsjónarkennara, skólasálfræðing og þroskaþjálfara sem sér um Inga í skólanum, voru þær allar samhljóða um að Inga væri best borgið í sérskóla og væri að verða einangraður félagslega og hreyfigeta væri orðin verulega takmörkuð.

En þar sem það er eingöngu tekið mið af gögnum frá greiningarstöð var okkur neitað.

Það að foreldrar sem eiga sérstök börn þurfi að eyða einu og hálfu ári í að sannfæra skólayfirvöld um að einhver stefna sé ekki að ganga upp fyrir barnið er mjög furðuleg nálgun á einhliða skólastefnu. Það hlítur að þurfa að vera mun meiri eftirfylgni greiningaraðila eftir því sem börnin eldast, t.d. hlýtur það að vera eðlilegt að börn með sérþarfir komi í endurmat við lok yngsta stigs í grunnskóla, þar sem þau hafa þroskast mikið. Það seigir sig sjálft að áherslur bæði námslega, félagslega og líkamlega breytist mjög mikið á þessum fyrstu 4 árum skólagöngunnar

Að okkar mati höfum við eingöngu séð einn skóla sem virkar eins og hann á að virka í stefnu skóla án aðgreiningar, það er Klettaskóli.

Nú um áramótin greindist Ingi með heilkennið brachydactyly mental retardation syndrome og eru upb 100 greind tilfelli í heiminum. eftir að heilkennið var uppgvötað hjá Inga var honum vísað til greiningarstöðvar vegna þess að í heilkenninu eru mjög mörg undirliggjandi vandamál. Við fengum svo niðurstöður úr greiningunni í síðustu viku þar sem Ingi var

greindur með td miðlungs þroskahömlur(vitsmunaproski 40), mun meiri einhverfu en við gerðum okkur grein fyrir og mjög lélega hreyfifærni.

Þar af leiðandi munum við sækja um að nýju í Klettaskóla og samkvæmt inntökuskylirðum þar mun hann væntanlega verða meðal jafningja næsta haust. En eftir situr að allt það sem við erum búin að ganga í gegnum síðastliðin ár eru að skerða tækifæri aðra barna til að vera meðal jafningja og það þarf að laga sem allra fyrst svo að önnur börn og aðrir foreldrar þurfi ekki að ganga í gegnum sömu hindranir og við erum búin að gera.

Takk fyrir